



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1327  
komudagur 15.4.2005

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2005

Vísað er til bréfs dagsett 30. mars 2005 þar sem óskað var umsagnar FÍStöðin um frumvarp til áfengislaga, 74. mál, auglýsingar.

Með frumvarpinu er lagt til að 3. mgr. 20. gr. áfengislaga verði breytt í þeim tilgangi að loka því gati sem virðist vera á löggjöfni eins og segir í greinagerð með frumvarpinu.

Framleiðendum og innflytjendum áfengis er mjög þröngt sniðinn stakkur miðað við nógildandi áfengislög og er Ísland er eitt örfárra Evrópulanda þar sem almennt bann ríkir við áfengisauglýsingum. Hinsvegar er það staðreynd að umfang áfengisauglýsinga frá erlendum miðlum er talsvert hérlendis þrátt fyrir ríkjandi bann. Sem dæmi er áfengisauglýsingar að finna í um 80% af söluhæstu erlendu tímaritunum sem koma út mánaðarlega hérlendis að því er fram kemur í nýlegri könnun nemenda við Tækniháskóla Íslands. Netnotkun á Íslandi er ein sú mesta sem þekktist í heiminum þar sem litlar sem engar hömlur eru á birtingu áfengisauglýsinga. Ungir sem aldnir áhugamenn um knattspyrnu verða jafnframt sífellt vitni að erlendum áfengisauglýsinum í gegnum knattspyrnleiki sem sýndir eru á innlendum sem og erlendum sjónvarpsrásum.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að bann við áfengisauglýsingum sé forvörn og að auglýsingar í erlendum prentmiðlum sem berast til Íslands sé einungis beint að fullorðnu fólki. Ef svo er, er þá nokkuð sem mælir því í mót að íslenskir framleiðendur og innflytjendur auglýsi svo fremi auglýsingunum sé ekki beint að börnum og unglingum? Jafnframt kemur það fram í greinagerðinni að áhorf á erlendar sjónvarpsstöðvar sé miklu minna en áhorf á innlendar sjónvarpsstöðvar og því sé hægt að réttlæta bann við áfengisauglýsingum í íslenskum ljósvakamiðlum. Áhorf barna og unglinga er lítið á ríkismiðlana á ákveðnum tímum. Má því ekki rökstyðja að leyfa megi áfengisauglýsingar þegar áhorf barna og unglinga er undir ákveðnum mörkum?

Sem fyrr segir búa innflytjendur og framleiðendur áfengis á Íslandi við afar erfið skilyrði til að kynna vörur sínar. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að samkeppnisskilyrði þessara fyrirtækja munu enn skekkjast – vilji þeir auglýsa verður það að vera í gegnum erlenda miðla!

Í ljósi framangreinds mælir FÍStöðin ekki með samþykkt frumvarpsins en hvetur ráðandi menn í landinu til þess að taka áfengislöggjöfina í heild til rækilegrar endurskoðunar.

Virðingarfyllst,

f.h. FÍStöðin

Guðmunda Smáradóttir  
Verkefnastjóri